

Hverfisráð Raufarhafnar

2. fundur

5. febrúar 2018, kl. 17:00 í Ráðhúsi Raufarhafnar

Mætt voru: Adriana Hagiú, Gísli Þór Briem, Ingibjörg Sigurðardóttir og María Peters Sveinsdóttir.

Ákveðið var að fara yfir langan lista af verkefnum sem bíða hér á Raufarhöfn. Hverfisráð skorar á stjórnendur í Norðurþingi til að forgangsraða þessum verkefnum og sjá til þess að eitthvað verði gert hér á staðnum. Því miður er margt sem þarfnast úrbóta á Raufarhöfn sem fyrst.

1. Gangstéttir.

Víða í þorpinu er brýn þörf á lagfæringu gangstétta. Gangstéttirnar eru orðnar slyshætta; gamlar hellur eru brotnar, lausar eða standa skáhalt upp úr jarðvegi þannig að auðvelt er að detta um þær. Einnig þarf að laga kantsteina víða.

2. Grunnskóli og íþróttahús

Hvorutveggja þarfnast viðhalds; klæða þarf norðurhliðar húsanna til að varna gegn frekari skemmdum á húsnaðinu. Skipta þarf um glugga á skólahúsinu.

Malbika þarf fyrir framan íþróttahúsið.

3. Ráðhúsið

Það þarf að endurnýja þakið á Ráðhúsinu sem fyrst. Einnig þarf að malbika bílastæði fyrir framan húsið.

4. Félagsheimilið Hnitbjörg


Partur af þakinu lekur. Hverfisráði þykir undarlegt að ekki sé ráðist í að gera við þak hússins áður en farið verður í frekari framkvæmdir. Húsið liggur undir skemmdum.

Bæta þarf aðgengi fyrir fatlaða að félagsheimilinu sem fyrst. Einnig þarf að malbika bílastæðin við húsið.

Það þarf að fara rækilega í lóðina í kringum félagsheimilið. Verkið er ofviða sumarstarfsmönnum áhaldahúss, þar sem ekkert hefur verið gert við lóðina í áratugi. Árið 2017 var komið vilyrði fyrir því að garðyrkjustjóri kæmi til að taka út verkið, en ekkert varð af því. Hverfisráð óskar þess að af þeirri heimsókn verði á vordögum 2018.

5. Malbikun/hellulagnir

Malbika eða helluleggja þarf bílastæði við Ráðhús, félagsheimili og íþróttahús.



Alegu

6. Kirkjugarður

Það þarf að malbika svæðið í kringum kirkjugarðinn; best væri að malbika alla leið upp að vitanum. Það vantar lýsingu við kirkjugarðinn; það er mikið um fólk á gangi um svæðið.

7. SR lóð og mjölhús

Gera þarf úttekt á því hvað á að gera með þessar lóðir. Það þarf að gera við þak á mjölhúsi.

8. Gamla slökkvistöðin

Gamla slökkvistöðin er enn í notkun, en til að svo megi vera áfram þarf að klæða húsið.

9. Ruslamál

Hvar standa þau mál á Raufarhöfn? Hvernig er með staðsetningu gáma í þorpinu?

Hér fýkur rusl allt árið um allar trissur, og er mikil umhverfismengun af rusli á svæðinu. Starfsmenn áhaldahúss hafa eytt miklum tíma undanfarin ár í það að hreinsa rusl af svæðum í kringum gámana.

Það er kominn tími til að taka á sorphirðumálum staðarins. Hverfisráð krefst úrlausna á þessum málum.

10. Umhverfið

Það þarf að hreinsa úr skurðum á fenjasvæði staðarins. Einnig vill hverfisráð beita sér fyrir því að einstaklingar og fyrirtæki hreinsi sitt umhverfi og sjái til þess að nærumhverfi eigna sé snyrtilegt.

11. Almennings­samgöngur

Við skorum á Norðurþing að beyta sér fyrir því að koma almennings­samgöngum í lag; t.d. þrýsta á Strætó um allavega einhverjar ferðir frá Raufarhöfn.

12. Hraðahindranir

Það er mikil þörf fyrir hraðahindrun þar sem komið er inn í þorpið að sunnanverðu. Mikið hefur borið á hraðakeyrs­lu á Aðalbraut eftir að inn í þorpið er komið, sérstaklega af hálfu flutningabíla, sem er mikið áhyggjuefni.

Hverfisráð biðlar til Norðurþings um að þrýsta á vegagerðina til að setja upp „broskallaskilti“ við sunnanverðan veg að þorpinu.

13. Löggæsla.

Hverfisráð lýsir áhyggjum vegna þess að löggæsla er ekki sýnileg á staðnum.

B. Þórunn

Magnus

Magnus